

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflakks um að hækka hlutfall íbúða Félagsbústaða í Reykjavík

Samkvæmt stefnu Félagsbústaða er miðað við að um 5% íbúða í borginni séu félagslegar leiguíbúðir. Lagt er til að hlutfallið verði hækkað til þess að mæta þeim sem eru í þörf fyrir slíkt húsnæði. Kaupáætlanir Félagsbústaða hafa ekki tekið mið af þörf þar sem langir biðlistar hafa myndast eftir húsnæði. Félagsbústöðum í samvinnu við velferðarsvið verði falið að fara yfir stöðuna til þess að setja fram hversu hátt hlutfallið þurfi að vera af íbúðum í Reykjavík á vegum Félagsbústaða til þess að mæta þörf og fyrirbyggja langa biðlista. Önnur svið og/eða ráð borgarinnar komi að þessari vinnu eftir því sem þörf þykir.

Greinargerð

Félagsbústaðir, félag í eigu Reykjavíkurborgar, hefur það hlutverk að tryggja framboð af félagslegu leiguhúsnæði í Reykjavík fyrir fjölskyldur og manneskjur undir tilteknum eigna- og tekjumörkum, auk leiguíbúða fyrir aldraða, fólks með fötlun og heimilislausu. Samkvæmt nýjustu tölum eru 656 nú að bíða eftir almennu félagslegu leiguhúsnæði, 173 manneskjur á bið eftir húsnæði sem hentar þörfum fatlaðra, 66 eru á biðlista eftir húsnæði fyrir heimilislausu með miklar og flóknar þjónustuparfir og 50 manns á bið eftir húsnæði sem hentar heimilislausum með miklar þjónustuparfir. Kaupáætlanir hafa ekki tekið mið af fjölda sem eru á biðlista og nauðsynlegt að hlutfall félagslegra leiguíbúða sé í takt við þörf.